

BREYTING Á DEILISKIPULAGI - GREINARGERÐ

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi sem gert var árið 2008 fyrir land Hófgerðis (L215457) og land úr Klængsseli (L216011). Hófgerði er úr landi Efri-Gegnishóla og er vísað í það í nafni deiliskipulagsins. Heildarstærð lands er 42.6 hektarar, þar af er Hófgerði 3.3ha. Aðkoma er af Gaulverjabæjarvegi (33). Á svæðinu eru fyrir afmarkaðir tveir byggingareitir, A fyrir íbúðarhús og B fyrir byggingar tengdar starfsemi búans. Byggt hefur verið á báðum reitum.

Breytingin felst í því að þetta byggð á bæjartorfu Hófgerðis. Afmarkaðir eru tvær íbúðarhúsaloðir til viðbótar því sem þegar hefur verið byggt, merktar Hófgerði 1 og Hófgerði 2. Uppdráttur af breyttu deiliskipulagi tekur hér aðeins til bæjartorfunnar þar sem engar breytingar eru gerðar á notkun lands utan hennar.

Breytingar þessar eru í samræmi við nýsamþykkt aðalskipulag Flóahrepps 2016-2028 þar sem landnotkun er skilgreind sem landbúnaðarsvæði. Þar kemur fram að ...
... ef aðstæður leyfa er heimilt að byggja stök íbúðarhús, sem ekki tengjast búrekstri á landbúnaðarsvæðum bújarða, án þess að breyta þurfi aðalskipulagi. Byggingar skulu reistar í tengslum við núverandi mannvirki til að nýta sem best það grunnkerfi sem fyrir er. Ný íbúðarhús skulu að jafnaði byggð í tengslum við byggð á núverandi bæjartorfu/býli

SKILMÁLAR

A: Reitur fyrir þegar byggt íbúðarhús. Heimilt er að byggja 450 m² íbúðarhús á einni hæð ásamt bílskúr. Hámarks mænishæð 6.0m.

B: Reitur fyrir hús tengd búrekstri. Heimilt er að byggja hús á einni hæð allt að 2.800 m². Hámarks mænishæð 7.5m.

Hófgerði 1: Lóð fyrir íbúðarhús. Heimilt er að byggja 120 m² íbúðarhús á einni hæð innan byggingarreits. Hámarks mænishæð 5.0m.

Hófgerði 2: Lóð fyrir íbúðarhús. Heimilt er að byggja 120 m² íbúðarhús á einni hæð innan byggingarreits. Hámarks mænishæð 5.0m.

Almennt: Mænisstefna, þakhalli, form og gerð húsa eru gefin frjálts. Lóðarhafi skal ávallt huga að lóð sinni og halda henni sem hreinlegastri svo engin hættu stafi af búnaði og munum innan hennar né sé öðrum til ama. Fyrirhuguð staðsetning húsa innan byggingarreits er sýnd til skýringar og er ekki bindandi.

VEITUR: Hófgerði er tengt rafveitu frá RARIK og vatnsveitu Flóahrepps. Frárennsli skal leitt í rotþró og gengið frá því samkvæmt reglugerð um fráveitur nr 789/1999. Ef kostur er skal samnýta rotþró og siturlagnir. Staðsetning á uppdrætti er ekki bindandi.

ÞJÓNUSTA: Þjónusta slökkviliðs er frá Brunavörðum Árnessýslu. Tæming rotþróa, snjómokstur, skólaakstur og sorphirða er á vegum sveitarfélagsins.



MINJAR: Engar þekktar fornminjar eru innan skipulagssvæðisins. Ekki er heimilt að hrófla við minjum sem kunna að koma fram nema í samráði við minjavörð Suðurlands.

Unnið ofan á hnitsetta loftmynd frá Loftmyndum ehf

Deiliskipulagsbreyting þessi var samþykkt í hreppsnefnd Flóahrepps þann _____ skv. 2.mgr. 43 gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br.

TILLAGA

Samþykkt deiliskipulagsbreytingar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann _____



SKÝRINGAR

- Skipulagsmörk/Landamerki
- Lóðamörk
- - - Byggingarreitur
- Fyrirhugaðar byggingar
- Núverandi byggingar
- ▷ Bílastæði
- Rotþró

FLÓAHREPPUR
HÓFGERÐI

BREYTING Á DEILISKIPULAGI

31.07.2018 Mælikvarði 1:2000 á A3 SIGURÐUR U. SIGURÐSSON 290772-4279

